



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2012

Framsetning Hátækni á verði söluvara

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Hátækni ehf., dags. 17. nóvember 2011, fór Neytendastofa fram á að fyrirtækið færði sönnur á að vörur seldar hjá fyrirtækinu hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom. Í bréfi Neytendastofu var vísað í vöruna:

Nokia N9 64GB. Verð kr. 129.995. Listaverð kr. 144.439.

Í bréfinu var vísað til ákvæða 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

2.

Svar Hátækni barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 18. nóvember 2011. Í bréfinu er því haldið fram að erindi Neytendastofu sé á misskilningi byggt. Umrædd vara og reyndar nær allar aðrar vörur í verslun Hátækni séu verðlagðar þannig að gefið sé upp listaverð vörunnar og síðan staðgreiðsluverð. Svona hafi þetta verið til margra ára hjá fyrirtækinu. Þessi mismunur í verðinu snúi að greiðsluforminu, þ.e. snúi aðallega að fyrirtækjum í reikningsviðskiptum. Umrædd vara sé ekki á tilboðsverði, hún sé ný og hafi ekki verið auglýst á tilboðsverði. Hátækni þekki löggjöf varðandi útsölur og tilboð og fari eftir henni. Ef umrædd vara væri auglýst á tilboði þá væri afsláttur auglýstur frá staðgreiðsluverði vörunnar. Listaverð sé ekki notað í auglýsingum sem viðmiðunarverð á lækkun.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2012, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Hátækni færi sönnur á að tilboðsvara hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Svör Hátækni bárust Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 18. nóvember 2011.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.– g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagraði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“



3.

Á heimasíðu Hátækni eru vörur fyrirtækisins kynntar á tvennu verði. Annars vegar svo nefndu listaverði og hins vegar venjulegu verði sem er lægra en hið svo nefnda listaverð. Þar sem verðframsetning þessi gefur til kynna að neytendur njóti verðhagræðis þrátt fyrir að svo sé ekki telur Neytendastofa framsetninguna vera villandi gagnvart neytendum. Hátækni hefur því að mati Neytendastofu, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr. og d. lið 1. mgr. og 9. gr. laga nr. 57/2005.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hátækni ehf., Ármúla 26, Reykjavík, hefur með framsetningu verðs á söluvörum á heimasíðu sinni brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hátækni bönnuð ofangreind verðframsetning við markaðssetningu á vörum sínum. Bannið tekur gildi einni viku frá birtingu ákvörðunarinnar.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 10. febrúar 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir